

Slysátrygging skólabarna

Vátryggingarskilmálar

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- vátryggingarskírteini
- vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. [Hverjir eru vátryggðir?](#)
2. [Vátryggingin gildir](#)
3. [Hugtakið slys](#)
4. [Gildissvið vátryggingarinnar - eigin áhætta](#)
5. [Vátryggingarfjárhæðir](#)
6. [Takmarkanir á bótaskyldu](#)
7. [Gildistími – endurnýjun - uppsögn við endurnýjun](#)
8. [Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum](#)
9. [Upphaf og lok vátryggingarverndar vátryggðs](#)
10. [Skyldur vátryggingartaka](#)
11. [Iðgjaldið - vanskil - slit samnings á vátryggingartímabilinu](#)
12. [Vísitölubinding bótafjárhæða](#)
13. [Dánarbætur](#)
14. [Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku](#)
15. [Bætur vegna tannbrots](#)
16. [Ráðstafanir vegna slyss](#)
17. [Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar:](#)
18. [Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar](#)
19. [Vátryggður veldur vátryggingaratburði](#)
20. [Brot á varúðarreglum](#)
21. [Greiðslur bóta](#)
22. [Frestur til að tilkynna um tjón](#)
23. [Fyrning](#)
24. [Yfirráðaréttur](#)

- 25. [Breytingar á skilmálum](#)
- 26. [Ágreiningur](#)
- 27. [Varnarþing](#)
- 28. [Vernd persónuupplýsinga](#)

1.gr. Hverjir eru váttryggðir?

- 1.1 Öll skólabörn sem eru skráð í grunnskóla, leikskóla, dagskóla, á sumarnámskeið og á gæsluleikvelli í sveitarfélagi váttryggingartaka eru sjálfkrafa váttryggð, enda séu þessar stofnanir reknar af sveitarfélaginu einu eða í samvinnu við aðra. Aldur skólabarnsins skiptir ekki máli.
- 1.2 Váttryggður getur ekki gert fyrirvara um þátttöku í váttryggingu þessari.
- 1.3 Þegar skólabarn er ekki lengur skráð í einhvern þeirra skóla eða á námskeið þau sem talin eru upp í gr. 1.1 og uppfyllir því ekki skilyrði fyrir aðild að váttryggingunni fellur váttrygging viðkomandi skólabarns niður í samræmi við reglur 131. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

2.gr. Váttryggingin gildir

- 2.1 Váttryggingin gildir þann tíma, sem skólar þeir og stofnanir, sem tilgreind eru í gr. 1.1, eru starfrækt. Er hér um að ræða venjulegan skólatíma og annan starfstíma sem er ákvarðaður af stjórnendum framangreindra skóla og stofnana.
- 2.2 Váttryggingin tekur til slysa sem váttryggt skólabarn verður fyrir í eða við framangreindar stofnanir, á leið að þeim til eða frá heimili og á ferðalögum innanlands á vegum þeirra, hvert sem farið er og í hvaða skyni sem er.

3.gr. Hugtakið slys

Með hugtakinu “slys” er í skilmálum þessum átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

4.gr. Gildissvið váttryggingarinnar - eigin áhætta

- 4.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss er váttryggt skólabarn verður fyrir, hvernig svo sem slysið ber að, hver svo sem á sök á því og hvort sem slysið verður við nám eða leik, ef það leiðir til:
 - a. andláts;
 - b. varanlegrar læknisfræðilegrar örorku
 - c. tannbrots
- 4.2 Nánar er kveðið á um ákvörðun bóta vegna andláts, varanlegrar læknifræðilegrar örorku og tannbrots í 13., 14. og 15. gr.
- 4.3 Félagið greiðir slysakostnað, þ.e. beinan útlagðan kostnað vegna læknishjálpar vegna slyssins, sem er umfram þá fjárhæð (eigin áhættu) sem getið er um í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun. Þegar um er að ræða kostnað vegna tannbrots er þó ekki um að ræða eigin áhættu. Slysakostnaður er eingöngu greiddur að því marki sem hann fæst ekki greiddur úr öðrum váttryggingum eða hjá Tryggingastofnun ríkisins.
- 4.4 Ef váttryggður á rétt á bótum vegna slysakostnaðar úr annarri váttryggingu, svo sem heimilis- eða fjölskyldutryggingu, skal hann fyrst sækja bætur úr slíkrri váttryggingu.

5.gr. Váttryggingarfjárhæðir

- 5.1 Váttryggingarfjárhæðir eru samkvæmt samningi um váttrygginguna milli váttryggingartaka og félagsins.

- 5.2 Hámarksfjárhæðir vegna andláts, örorku og slysakostnaðar koma fram í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.
- 5.3. Váttryggingarfjárhæðir breytast fyrsta dag hvers mánðar í réttu hlutfalli við vísitölu neysluverðs án húsnæðis á grundvelli verðlags í byrjun næsta mánaðar á undan miðað við grunnvísitölu þá sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Ef iðgjald greiðist á fleiri gjalddögum en einum, skal iðgjald á öðrum og síðari gjalddögum breytast á sama hátt í hlutfalli við vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

6.gr. Takmarkanir á bótaskyldu

Félagið bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 6.1 jarðskjálfta, eldgosa, flóða, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara;
- 6.2 styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, hvers konar hryðjuverka, óeirða, uppreisnar, uppbots, verkfalls eða svipaðra atvika;
- 6.3 kjarnabreytinga, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

7.gr. Gildistími – endurnýjun - uppsögn við endurnýjun

- 7.1 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Váttrygging sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema váttryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja váttryggingarsamningnum upp. Tilkynning þarf að berast félaginu innan eins mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils.
- 7.2 Félagið tilkynnir váttryggingartaka í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en váttryggingartímabilið er á enda, ef það hyggst ekki framlengja váttrygginguna.

8.gr. Réttur til uppsagnar á váttryggingartímanum

- 8.1 Félagið getur sagt upp váttryggingunni, ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:
1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
 2. ef váttryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
 3. eftir að tjón hefur orðið, ef
 - a. váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
 - b. váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
 - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004;
 4. ef aðstæður váttryggðs, þ.á.m. starf hans eða lífshættir, breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:
 - a. félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar;
 - b. það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004;
 5. við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

Váttryggingartaki getur sagt váttryggingunni upp ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, sbr. 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.

- 9.gr. Upphaf og lok váttryggingarverndar váttryggðs**
- 9.1 Ábyrgð félagsins gagnvart váttryggðum hefst þegar viðkomandi hefur verið skráður í grunnskóla, leikskóla, dagskóla, á sumarnámskeið eða á gæsluleikvelli á vegum váttryggingartaka.
 - 9.2 Váttryggingin fellur niður gagnvart váttryggðu skólabarni tveimur mánuðum eftir að váttryggt skólabarn hætti í grunnskóla, leikskóla, dagskóla, á sumarnámskeiði eða á gæsluleikvelli á vegum váttryggingartaka, sbr. 131. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
 - 9.3 Ef váttryggingunni er sagt upp, hún ekki endurnýjuð eða fellur úr gildi vegna vanskila váttryggingartaka, fellur hún úr gildi gagnvart váttryggðum einum mánuði eftir að váttryggðum er tilkynnt um brottfall váttryggingarinnar, sbr. 132. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 10.gr. Skyldur váttryggingartaka**
- 10.1 Við töku váttryggingarinnar og við endurnýjun skal váttryggingartaki tilkynna félaginu um fjölda skólabarna sem skulu váttryggð samkvæmt gr. 1.1. Upplýsingar um fjölda váttryggðra skólabarna eru nauðsynlegar til þess að félagið geti ákvarðað iðgjald váttryggingarinnar. Váttryggingartaki skal jafnframt fyrir lok hvers váttryggingartímabils senda félaginu upplýsingar um breytingar á fjölda skólabarna á váttryggingarárinu og hvenær þær breytingar urðu. Þær upplýsingar eru notaðar til útreiknings á iðgjaldi næsta váttryggingartímabils.
 - 10.2 Váttryggingartaki skal sjá til þess að váttryggð skólabörn (forsjámenn váttryggðra skólabarna) hafi greiðan aðganga að upplýsingum um váttrygginguna, þ. á m. um váttryggingarfjárhæðir og váttryggingarskilmála.
- 11.gr. Iðgjaldið - vanskil - slit samnings á váttryggingartímabilinu**
- 11.1 Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins í samræmi við gildandi iðgjaldaskrá félagsins. Iðgjaldið greiðist árlega og fellur fyrsta iðgjald í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi en síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils eða váttryggingartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til váttryggingartakans.
 - 11.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 96. og 131. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
 - 11.3 Ef váttryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi.
- 12.gr. Vísitölubinding bótafjárhæða**
- Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli váttryggingarfjárhæða á slysdegi en breytast með vísitölu neysliverðs án húsnæðis á grundvelli verðlags í byrjun næsta mánaðar á undan eins og hér segir:
- 12.1 Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slysdegi til dánardags.
 - 12.2 Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorkubóta varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- 13.gr. Dánarbætur**
- 13.1 Valdi slys dauða váttryggðs innan eins árs frá slysdegi greiðist rétthafa bóta sú fjárhæð dánarbóta sem var í gildi á slysdegi, sbr. 5. og 12. gr., að frádregnum bótum fyrir varanlegt líkamstjón sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss.
 - 13.2 Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að váttryggður deyr. Ef sjúkdómar, veiklun eða sjúklegt ástand váttryggðs, eru meðorsakir dauða

hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var fyrir þegar slysið varð eða skapaðist síðar án þess þá að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem váttryggingin nær til.

- 13.3 Dánarbætur greiðast til erfingja váttryggðs samkvæmt reglum XV. kafla laga nr. 30/2004.

14. gr. Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku

- 14.1 Valdi slys varanlegri læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára frá því að það varð greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar váttryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdegi, sbr. 5. og 12. gr.
- 14.2 Leiði slys til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og váttryggður eða forsjármenn hans koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.
- 14.3 Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Slys sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til örorku. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega, með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.
- 14.4 Vegna 100% örorku greiðist öll váttryggingarfjárhæðin, en við minni örorku hlutfallslega. Sé varanleg læknisfræðileg örorka lægri en 10% greiðast engar bætur.
- 14.5 Missir eða bækluð á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bækluðar á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal meta örorku með hliðsjón af bækluðunni fyrir slysið.
- 14.6 Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- 14.7 Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunnist að breytast skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með læknismeðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun miskastigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.
- 14.8 Ef váttryggður deyr af völdum slyss, eftir að meira en ár er liðið frá slysdegi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast bætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati, þó aldrei hærra fjárhæð en dánarbætur mundu hafa verið. sbr. gr. 14.6 og 14.7.

15. gr. Bætur vegna tannbrots

- 15.1 Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 5% af grunnváttryggingarfjárhæð vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa hvers váttryggðs á einu váttryggingarári við 7,5% af sömu fjárhæð.
- 15.2 Félagið bætir þó ekki tennur sem brotna þegar váttryggður matast.

16. gr. Ráðstafanir vegna slyss

- 16.1 Slasaða ber að leita læknis strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar læknisaðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis. Tilkynna skal slys þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða.
- 16.2 Deyi váttryggður af slysförum, skal tilkynna félaginu það eins fljótt og auðið er. Félagið hefur rétt til að láta fara fram krufningu á líki hins látna.

- 16.3 Þegar slys ber að höndum er félaginu heimilt að láta ráðgefandi lækni sinn skoða váttryggðan. Þegar læknishjálpi lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins skal senda félaginu læknisvottorð og bótakröfu.
- 16.4 Félaginu er heimilt að afla upplýsinga um fyrra heilsufar váttryggð að fengnu samþykki hans eða forsjármanns hans.
- 17.gr. Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar:**
- 17.1 Félagið greiðir venjubundinn kostnað við öflun læknisvottorða, sem eru að mati félagsins nauðsynleg til afgreiðslu kröfu um bætur úr váttryggingunni. Í þessu felst, að félagið greiðir án sérstaks samþykkis fyrir hefðbundin læknisvottorð, svo sem áverkavottorð, einfalt vottorð um óvinnufæmi og lokavottorð. Auk þessa greiðir félagið kostnað vegna annarra vottorða, sem félagið telur nauðsynleg og aflað er að beiðni þess eða með samþykki þess. Jafnframt greiðir félagið fyrir mat á örorku skv. skilmálum þessum, þó ekki ef bersynilegt er að örorka nái ekki tilskildu lágmarki. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannsaðstoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna váttryggingaratburðar án samþykkis félagsins.
- 18.gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar**
- 18.1 **Upplýsingar um áhættuna**
Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.
Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.
- 18.2 **Upplýsingar við uppgjör bóta**
Sá sem við tjónsuppgjör veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta glatar öllum rétti á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi með einnar viku fyrirvara.
- 19.gr. Váttryggður veldur váttryggingaratburði**
- 19.1 **Ásetningur**
Hafi váttryggður af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 89. gr. laga nr. 30/2004.
- 19.2 **Stórkostlegt gáleysi**
Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.
- 20.gr. Brot á varúðarreglum**
- 20.1 Varúðarreglur eru háttænisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Hafi váttryggður af stórkostlegu gáleysi valdið því að váttryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.
- 21.gr. Greiðslur bóta**
- 21.1 Bætur greiðast innan 14 daga eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna.
- 21.2 Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 123. gr. laga nr. 30/2004.
- 22.gr. Frestur til að tilkynna um tjón**
- 22.1 Váttryggður eða sá sem á rétt til bóta glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atviksem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 124. gr. laga nr. 30/2004.

23.gr. Fyrning

- 23.1 Kröfur um bætur úr váttryggingu þessari fynast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004. Aðrar kröfur sem tengjast váttryggingarsamningi, svo sem krafa um iðgjald, fynast eftir hinum almennu reglum laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905.

24.gr. Yfirráðaréttur

- 24.1 Óheimilt er að framselja, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti réttindum, sem váttrygging þessi veitir.

25.gr. Breytingar á skilmálum

- 25.1 Félagið áskilur sér rétt til þess að breyta skilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar á váttryggingartímanum, sbr. 133. gr. laga nr. 30/2004.

26.gr. Ágreiningur

- 26.1 Verði ágreiningur um váttrygginguna skal Íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt Íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.
- 26.2 Ágreining um bótaskyldu félagsins, þ.m.t. sök og sakarskiptingu skaðabótaskyldra aðila, má leggja fyrir Tjónanefnd váttryggingarfélaganna. Meðferð máls hjá nefndinni er aðilum að kostnaðarlausu. Með greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Málskotseyðublað vegna úrskurðarnefndarinnar er unnt að nálgast hjá félaginu, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu beggja nefndanna.
- 26.3 Málsmeðferð fyrir nefndum þessum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

27.gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

28.gr. Vernd persónuupplýsinga

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingar þessarar aðeins við mat á váttryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á váttryggingavernd og veita váttryggingartaka ráðgjöf um val á váttryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til váttryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Skilmálar þessir gilda frá 1. Janúar 2006 og koma í stað skilmála sem giltu frá 1. maí 1998.

[Efst á skjal](#)